

## AUGLÝSING

### um breytingu á gjaldskrá Veitustofnunar Seltjarnarness, vatnsgjald, notkunargjald og heimæðargjald, nr. 619/2018.

1. gr.

2. gr. gjaldskrárinnar verður svohljóðandi:

#### *Notkunargjald.*

Notkunargjald (aukavatnsskattur) leggst á stórnotendur skv. mæli, kr. 40,50 pr. m<sup>3</sup>.

2. gr.

3. gr. gjaldskrárinnar verður svohljóðandi:

#### *Heimæðargjald.*

Eigandi fasteignar skal greiða kostnað við lagningu heimæðar og uppsetningu að húsi skv. gjaldskrá þessari. Um heimæðargjald gilda að öðru leyti lög um vatnsveitur sveitarfélaga nr. 32/2004, með síðari breytingum, reglugerð um vatnsveitur sveitarfélaga nr. 401/2005, með síðari breytingum og reglugerð um Veitustofnun Seltjarnarness nr. 237/2011.

Fjárhæðir gjalda vegna heimæða eru eftirfarandi:

Fyrir heimæð	25-32 mm	153.502 kr.
Fyrir heimæð	40-63 mm	286.068 kr.
Fyrir heimæð stærri en	63 mm	479.998 kr.
Viðbótargjald fyrir heimæð lengri en	20 m	2.062 kr. pr. m

Gjaldið skal taka breytingum í janúar ár hvert miðað við byggingarvísitölu og skal grunnvísitala vera byggingarvísitala í desember 2018, 141,6 stig.

3. gr.

Auglýsing þessi er staðfest og samþykkt af bæjarstjórn Seltjarnarnesbæjar, skv. 7. mgr. 5. gr. og 10. gr. laga um vatnsveitur sveitarfélaga nr. 32/2004, með síðari breytingum, 11. gr. reglugerðar nr. 401/2005 um vatnsveitur sveitarfélaga, með síðari breytingum, og 6. gr. reglugerðar fyrir Veitustofnun Seltjarnarness nr. 237/2011, til að öðlast þegar gildi.

*Samþykkt í bæjarstjórn Seltjarnarnesbæjar, 28. nóvember 2018.*

**Ásgerður Halldórsdóttir** bæjarstjóri.